LISTIR

Skeggræða í rými

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir
Gallerí Ingólfsstræti 8

NAUMHYGGJA/ INNSETNING

Ingólfur Arnarsson. Kjarvalsstaðir, opið frá 11 alla daga til 18. febrúar. Aðgangur 300 kr. Bók 1.650 kr. Gallerí Ingólfsstræti 8, opið alla daga frá 14-18, lokað mánudaga, til 4. febrúar. Aðgangur ókeypis.


ÞAÐ telst naumast nýtt í núlistum að takmarka myndmál sitt til hins ítrasta, jafnvel svo fullkomlega að á stundum er ekkert nema listamaðurinn í eigin persónu á staðnum. Gerir kannski minna til við opnanir sýninga, því þá vill athygli gesta beinast jafnmikið, eða meira, að náunganum og myndverkunum sem til sýnis eru, jafnvel á þann veg að þeir eru ekki til frásagnar um verkin sjálf er út af þeim er komið.

„Minimalisminn", sem við hneigjumst til að nefna naumhyggju í skrifum okkar, varð til sem listastefna á sjötta áratugnum og kom fyrst fram á sýningu í Gyðingasafninu í New York árið 1966, en er þó af mun eldri toga, skyld nýtistefnunni eða fúnkisstílnum í anda Adolfs Loos og seinna Bauhausskólanum, sem einfölduðu formin og þurrkuðu allt skreytikennt úr listiðnaði og húsagerðarlist, dýrkuðu beinar línur og skörp horn. Listastefnan var hugsuð sem mótvægi við abstrakt expressjónismann og byggðist á grunneðli myndbyggingarinnar, nefndist þannig og jafnframt „Primary Structures"

Hér er um að ræða myndrænt meinlæti í algjörleika sínum og á stundum er mótuð innsetning í ferstrent rými með jafnsparlegri viðbót og unnt er til að undirstrika og áretta formsmíðina í algjörleika sínum.

Eins og margur innvígður veit, teljast þeir Donald Judd og Richard Morris mikilvægastir kenningasmiðir listastefnunnar, og var Judd tíður gestur á Íslandi síðustu ár ævi sinnar, eignaðist marga vini og hafði mikil áhrif á yngri kynslóð listamanna, þá ekki síst Ingólf Arnarsson.

Ingólfur hefur svo stöðugt verið að einfalda myndmál sitt, verður er svo er komið að teljast mestur meinlætamaður íslenzkra myndlistarmanna á vettvanginum, og hefur nú þegar þrengt svo mjög að sér að næsti leikur, getur vart verið annað en tómið sjálft vilji hann stíga feti lengra.



Morgunblaðið/Ásdís
VERK eftir Ingólf Arnarsson.

Sýningin að Kjarvalsstöðum samanstendur af tveim myndaröðum innrammaðra og jafnstórra teiknaðra flata, ferhyrndra og aflangra, sem virka nákvæmlega eins þótt misjafnlega mikið ljós og loft muni eiga að vera í grátónunum, en verkin má telja framlag listamannsins til hinna svokölluðu ósýnilegu teikninga „invisible drawings" í anda Walters de Maria. Stærð teikninganna munu annars vegar 20,5 x 14,5 sm (1990-91) og svo 21,3 x 15,3 sm (1991-1995).

Vinnubrögðunum ber engan veginn að hafna, þótt þau virki sem tómið sjálft, því þau bera í sér vissa myndræna skírskotun og eru víða í uppáhaldi meðal innvígðra á núlistir. Má nefna að listspíran Harpa Árnadóttir fékk einmitt viðurkenningu fyrir næman skilning á atriðum örveikra blæbrigða á hvítum grunni í Svíþjóð á sl. ári, svo þau eru í fullu gildi þar einnig.

Ingólfur víkur í engu frá stefnu kennimeistaranna um einföld flatarmálsform án sundurgreinandi átaka, en með áherslu á jafna, samsíða og hægа sjónræna þenslu láréttra og lóðréttra lína í hnitmiðaðri formskipan. Þessa dýrkun á miklum víddum í rúmtaki og einföldun klárra forma má í raun og stærra samhengi rekja aftur til fornaldar, *hofa og hörga Grikkja og Rómverja*, er þannig í eðli sínu sígilt ferli er tengist hugmyndafræði fyrri tíma um alheiminn. Á móti þessum fjölda ferninga teflir listamaðurinn nokkrum aflöngum steinsteypustrendingum, sem hafa verið málaðir með mörgum lögum af hvítri vatnsmálningu og yfirborðið sléttað til að árétta loftræna mýkt þess. Neðri helmingur þeirra er í örveikum lit, gráum, bleikum, grænum, bláum, og yfirborðið er í senn loftkennt og svífandi, þetta nefnir hann vatnslitamyndir.

Ljóðurinn á þessu öllu er að tengirýmið að Kjarvalsstöðum er ekki nægilega hnitmiðað fyrir innsetninguna þrátt fyrir að það hafi verið klætt upp. Svo er alveg út í hött að staðsetja myndaröð á skilrúmið gegnt stóru gluggunum, því í þeim aflanga gangi og í mótljósi njóta sín engin myndverk, hvað þá er sólin skín. Þá rýrna áhrifin til muna eftir því sem fleiri sýningargestir eru í rýminu, helst á skoðandinn að vera einn með sjálfum sér og hinni næstum algjöru sjónrænu þögn.

Mun betur tekst til í hinu litla og aflanga galleríi að Ingólfsstræti 8, *en það er eins og sniðið fyrir* hina fjóru aflöngu steinsteypustrendinga sem staðsettir eru í því. Naumlegra getur það tæpast verið og heildaráhrifin eru einstaklega markviss ásamt öllu því sem varðar samspil ljóss og sjónar, rýmiskenndar og jafnvægis, sem renna saman í eina samstæða og hrifmikla heild.

Það var þannig viturleg ákvörðun að sýna einnig á staðnum, því án viðbótarinnar hefði framtakið naumast náð tilgangi sínum og því er áríðandi að líta þar einnig við.

Í sambandi við sýninguna að Kjarvalsstöðum hefur verið gefin út bók um listamanninn, sem vel getur þjónað sem sýningarskrá á báðum stöðunum og er hún látlaus, vel úr garði gerð, prýdd nokkrum litljósmyndum auk svart-hvítra mynda frá innsetningum úti í heimi. Inngang ritar Guðrún Jónsdóttir, formaður menningarmálanefndar, en grein um listamanninn Marianne Stockebrand.

Bragi Ásgeirsson

AÐSENDAR GREINAR

Bréf til presta og safnaða

Elskum hvert annað!



Jónas Gíslason

MÉR hefur liðið illa vegna deilnanna innan kirkjunnar og ég hlýt að spyrja: Hví er ófriður og hnútukast í helgidóminum? Og tvenn ummæli Krists hafa hljómað í huga mér:

„Nýtt boðorð gef ég yður, að þér elskið hver annan. Eins og ég hef elskað yður, skuluð þér einnig elska hver annan. Á því munu allir þekkja, að þér eruð mínir lærisveinar, ef þér berið elsku hver til annars." (Jóh.13: 34-35)

Ég bið ekki einungis fyrir þessum, heldur og fyrir þeim, sem á mig á trúa fyrir orð þeirra, að allir séu þeir eitt, eins og þú, faðir, ert í mér og ég í þér, svo séu þeir einnig í okkur, til þess að heimurinn trúi, að þú hefur sent mig. (Jóh.17:20-21)

Breytum við eftir þessu nýja boðorði Krists? Sýnir einhugur og innbyrðis kærleikur okkar heiminum, að Guð hafi sent Krist?

Er þetta lýsing á íslenzkri kirkju í ársbyrjun 1996? Ber ekki of oft meir á samstarfsörðugleikum en samstarfi – átökum um völd og áhrif *en löngun til að lofa og vegsama* frelsarann? Ýmsum sýnist ófriður ríkja þar, sem friður og sáttfýsi ættu að móta líf og starf.

Ég hef oft spurt sjálfan mig: Hvernig getur Guð notað mig – syndara – í þjónustu sinni? Ég skil það ekki, en Guð hefur aldrei átt aðra lærisveina en syndara, er játað hafa synd sína og þegið fyrirgefningu Guðs.

Ágreiningur getur ætíð risið milli manna og stundum leitt til deilna – einnig innan kirkjunnar. En sífelldar deilur hljóta að draga úr trúverðugleika fagnaðarerindisins. Kirkjan líður einnig fyrir þær og á himnum grætur Hann, sem skapaði okkur eftir sinni mynd, frelsaði okkur og býður okkur velkomin í ríki sitt.

Þegar okkur greinir á um málefni kirkjunnar – skulum við byrja á því að biðja fyrir deilumálunum og ræðast síðan við í hreinskilni – málefnalega og innan réttra stofnana kirkjunnar. Ella er hætt við, að fjölmiðlarnir taki að stjórna umræðum.

Hafi okkur orðið á að nota stóryrði í hita umræðunnar, eigum við að vera menn til að taka þau aftur – og biðjast fyrirgefningar.

Guð hefur verið að óróa hjarta mitt seinustu daga og þótt mér sé erfitt að rita þetta bréf, fæ ég engan frið, fyrr en því er lokið.

Er ekki meir en nóg komið af deilum innan kirkjunnar? Íhugum áhrif þeirra á söfnuðina. Erum við reiðubúin að bera okkar hluta ábyrgðarinnar af sundurlyndinu frammi fyrir dómstóli Guðs?

Elskulegu starfssystkin og vinir!

Mér er erfitt að rita þessi orð, en ég gjöri það í veikleika mínum af kærleik til kirkjunnar minnar. Tíminn styttist óðum, þar til ég geng fram fyrir Guð til að standa honum skil á lífi mínu. Er ég rifja upp liðna ævi, fyllir hryggð hjarta mitt. Ég hef brugðizt frelsara mínum svo oft og mér hefur mistekizt svo margt af því, sem mér var ætlað að gjöra, og eflaust líða margir fyrir óhlýðni mína og vanrækslu. Ég bið ykkur fyrirgefn- ingar á því, er ég hef brotið gegn ykkur.

Ég er dauðasekur frammi fyrir Guði og játa synd mína fyrir honum, um leið og ég bið hann fyrirgefningar. En ég held fast í fyrirheit frelsarans, um að hann muni standa við hlið mér á þeim mikla degi og íklæða mig réttlæti sínu, um leið og hann tekur alla synd mína á sig. Í því er öll von mín fólgin.

> Í krafti köllunar minnar sem biskups í kirkjunni, segir **Jónas Gíslason**, bið ég af öllu hjarta: hættum að horfa hvert á annað í leit að ávirðingum.

Í krafti köllunar minnar sem biskups í íslenzku kirkjunni bið ég af öllu hjarta: Hættum að horfa hvert á annað í leit að ávirðingum. Göngum fram í ljós Guðs og leyfum því að sýna okkur synd okkar. Játum hana síðan og biðjum fyrirgefningar Guðs.

Og beinum loks sjónum til frelsarans – Drottins Jesú Krists. Í honum einum er von okkar allra fólgin.

Kristin kirkja á aðeins að boða Krist! Hann einn frelsar! Góður Guð hjálpi okkur og blessi íslenzka kirkju!

Reykjavík, 18. janúar 1996

Höfundur er vígslubiskup

ÚTSALA
hefst í dag 18. janúar
ÚTIVISTAR-VÖRUR
FRÁBÆRT VERÐ
PÓSTSENDUM SAMDÆGURS
Tjöld, bakpokar, svefnpokar, sólstólar og borð, gönguskór, veiðivörur, dýnur, fatnaður o. m. fl.
SEGLAGERÐIN ÆGIR
Eyjaslóð 7 Reykjavík s. 511-2200

Spádómar Danielsbókar
Námskeið um hrífandi efni Spádómsbókar Daníels hefst mánudaginn 22. janúar kl. 20.00 í Loftsalnum (húsi Skútunnar næst Fjarðarkaupum), Hólshrauni 3, Hafnarfirði. Fyrirlesari verður dr. Steinþór Þórðarson. Þátttaka er ókeypis en hafðu með þér eintak af biblíunni. Önnur námsgögn verða ókeypis.
Nánari upplýsingar og innritun í símum 588 7100, 554 6850 og 565 6609. Allir velkomnir.


Sjáðu hlutina í víðara samhengi!